

VERÐMÆTAMAT Á VEGAKERFINU – ÁGRIP

Hvers vegna að leggja mat á verðmæti vegakerfisins?

Á hverju ári er miklu fjármagni varið til uppbyggingar á vegakerfinu. Líklega liggja mestu verðmæti ríkisins, bundin í ”fast”eignum, í vegakerfinu. Hér á landi er vegakerfið ekki eignfært í Ríkisreikningi eins og t.d. húseignir ríkisins. Það er ekki hægt að segja til um það með vissu, hvort það fjármagn sem fer til vegagerðar á hverju ári auki við verðmæti vegakerfisins eða hvort það fari einungis til þess að halda við verðmæti þess. Kröfur vegfarenda aukast stöðugt um betri vegakerfi, öryggi og þægindi í akstri. Samkeppni um fjármagn ríkisins (skattfé) er mikið og eru stjórnvöld og almenningur víða farin að gera auknar kröfur um að sjá hvernig fjármunum er ráðstafað og hvort þeim sé ráðstafað á sem hagkvæmasta hátt.

Eignastjórnun

Svokölluð ”eignastjórnun” (Asset Management) er aðferð, sem á síðustu árum hefur verið að ryðja sér til rúms við stjórn vegakerfis. Tæknilegum aðferðum og upplýsingum um rekstur, viðhald og endurbætur á vegakerfinu (eignarinnar) eru dregnar saman í eitt kerfi og viðskiptalegum aðferðum beitt við eignamyndun og afskriftir vegakerfisins. Þessi aðferð krefst þess að mat sé lagt á verðmæti vegakerfisins, þar sem verðmæti þess er grundvallarþáttur við forgangsroðun við fjárfestingar í framtíðinni.

Aðferðir við verðmætamat

Mismunandi aðferðir hafa verið viðhafðar við verðmætamat vegakerfis og ein aðferð er ekkert viðurkenndari en önnur, t.d.:

- Sögulegur kostnaður (Historical Cost): Það má eins kalla þessa aðferð bókfærður kostnaður. Þessi aðferð byggir á bókfærðum kostnaði þegar vegurinn, brúin eða jarðgöngin voru byggð og bókfærðum kostnaði við viðhald og endurbætur.
- Endurstofnverð (Current Replacement Cost): Það er hvað kostar að byggja sams konar vegakerfi (veg, brú eða jarðgöng) upp í dag m.v. núverandi markaðsskilyrði, þ.e. m.v. þau einingarverð efna, vinnu o.fl. sem gilda í dag.

Afskriftir

Afskriftir mannvirkja eru metnar út frá meðallíftíma.

Það er eins með afskriftirnar og verðmætamatið mismunandi aðferðir eru viðhafðar, t.d.:

Afskriftir m.v. ástand (Condition-based depreciation): verðmæti mannvirkissins afskrifast m.v. ástand þess, þ.e. breytilegar afskriftir yfir tíma.

”Beinar” afskriftir (Straight-line depreciation): verðmæti mannvirkis afskrifast með sama hlutfalli yfir tíma.

Verðmæti þjóðvegakerfis á Íslandi

Við mat á íslenska þjóðvegakerfinu var reynt að finna endurstofnverð vega, brúa og jarðganga. Veginum var skipt í fjóra hluta, vegyfirborð (slitlag), efra burðarlag og neðra burðarlag og fyllingar og ræsi, þar sem hver veghluti afskrifast á mismörgum tíma.